

Verklagsreglur og gjaldskrá um garðslátt í einkagörðum

Verklagsreglur þessar fjalla um garðslátt og gjald fyrir íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. Notendur félagslegrar heimaþjónustu og aðrir sem velferðarsvið metur til þess fá niðurgreiðslur á garðslætti yfir sumarið. Eiga þeir rétt á garðslætti í fjögur skipti yfir sumartímann samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu.*

Gjald:

Lítill garður: 2.500 kr. stór garður (yfir 1.000 m² heildar stærð lóðar) 3.000 kr.

2. Eldri borgarar og öryrkjar í sveitarfélaginu eiga rétt á niðurgreiðslu á garðslætti í fjögur skipti yfir sumartímann.*

Gjald:

Lítill garður: 5.000 kr. stór garður (yfir 1.000 m² heildar stærð lóðar): 7.500 kr.

*Reglurnar gilda ekki yfir þá sem búa í fjölbýlishúsi, sameignir þurfa að sjá um garðslátt sjálfar.

Umsóknarferli gegn um afgreiðslu í Ráðhúsi afgreiðsla@hornafjordur.is, sýna þarf skírteini um örorku eða ellilífeyri. Umsóknin er afgreidd í afgreiðslu sveitarfélagsins.

Gjaldskráin er vísitölutengd og er uppreiknuð í upphafi árs.

Samþykkt í bæjarráði 8. júní 2021.

Matthildur Ásmundadóttir bæjarstjóri